

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. **P** 127/1150  
komudagur 12.3.2002

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
nefndarritara

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

11. mars 2002

Tilvísun: 2002020045

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 489. mál, EES-reglur.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 19. febrúar sl., þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 489. mál, EES-reglur.

Fjármálaeftirlitinu gafst kostur á að koma á framfæri athugasemdum við drög að frumvarpi því sem nú liggur fyrir. Lýsti Fjármálaeftirlitið í umsögn sinni yfir áhyggjum sínum af hugsanlegum sönnunarvandkvæðum sem upp gætu komið þó að einhverju leyti kunni að vera að þau leystust með samræmisskýringu við lög nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir.


Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir að öðru leyti en að ofan greinir ekki athugasemdir við efnisatriði þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Hannes J. Hafstein

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1153  
komudagur 12.3.2002



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 489. mál.

Reykjavík, 12.mars 2002

ICEPRO, nefnd um rafræn viðskipti þakkar Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um ofangreint lagafrumvarp. ICEPRO vill með bréfi þessu vekja athygli á þeim atriðum sem nefndin telur til bóta.

Í heild telur ICEPRO frumvarpið til þess fallið að skýra inntak og treysta umgjörð rafrænna viðskipta og stöðu þeirra aðila sem slík viðskipti stunda. Nokkur atriði mega þó betur fara og þarfnast nánari skýringa.

**Athugasemdir:**

**Yfirskrift frumvarpsins:**

Frumvarpið ber yfirskriftina *Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu*. Gerð er athugasemd við orðið „aðra” enda er ekki ljóst í hvað annað er verið að vísa. Lagt er því til að heiti laganna verði breytt í *Lög um rafræn viðskipti og rafræna þjónustu*

---

**ICEPRO, nefnd um rafræn viðskipti**

Húsi verslunarinnar, 103 Reykjavík, Sími 510 7100, Fax 568 6564  
icepro@icepro.is www.icepro.is

## 2. gr. Orðskýringar

1. tl. 2. gr. Hljóðar svo:

1. *Rafræn þjónusta: Þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega.*

Villandi er að segja að þjónustan sé veitt úr „fjarlægð” enda er það afstætt. Eins og minnst er á í athugasemdum þeim sem fylgja með frumvarpinu undir þessum lið er talað um að „þjónustuþegi og –veitandi megi ekki vera augliti til auglitis þegar þjónustan er veitt. Fer betur á að notast sé beint við orðasambandið „augliti til auglitis”

Lagt er til að liðurinn hljóði svo:

1. **Rafræn þjónusta: Þjónusta sem almennt veitt er að beiðni þjónustuþega, með rafrænum hætti, almennt veitt gegn greiðslu, þar sem þjónustuveitandi og þjónustuþegi eiga ekki samskipti augliti til auglitis.**

## 9. gr.

### Rafrænir samningar jafngilda skriflegum

Í 8. grein er kveðið á um skilyrði þess að rafrænn samningur sé aðgengilegur. Í 3. tl. 9. gr. bregður hins vegar svo við að veittar skulu upplýsingar um „hvort” samningur verði aðgengilegur. Ef sett er skilyrði sbr. 8. gr. má teljast eðlilegt að tilgreina einnig „hvernig” slíkur samningur sé aðgengilegur.

Lagt er til að tl. 3 hljóði svo:

**3. hvort og þá hvernig samningar séu aðgengilegir.**

### Athugasemdir við 12. gr.

Takmörkun ábyrgðar vegna miðlunar

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. um „sjálfvirka, millistigs- og skammtímageymslu” er óljóst. Ekki er útskýrt hvað í þessu felst né hver sé munurinn milli þessara geymslumáta og hver sé yfirleitt þörfin á að tiltaka þessi atriði. Lagt er til að orðin „sjálfvirk, millistigs- og skammtíma-“ falli út og í staðinn standi orðið „geymsla” (sjá einnig 13. gr.)

**13. gr.****Takmörkun ábyrgðar vegna skyndivistunar**

Sbr. 12. gr. er lagt til að felld verði niður orðin: „sjálfvirk, millistigs og skammtímageymsla“ og í staðinn komi „geymsla“.

2. tl. fjallar um „skilyrði um aðgang að gögnunum.“ Hér vantar að tiltaka hvaða skilyrði þetta eru og umfjöllun um þau.

**14. gr.****Takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar**

Lagt er til að við titil lagagreinarinnar bætist við orðið „gagna“. Ella er óljóst við hvað er átt. Yfirskriftin hljóði því svo:

***Takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar gagna***

Einnig er gerð athugasemd við 3. tl. sömu greinar. Það að þjónustuveitandi beri ábyrgð á þeim gögnum sem hann geymir og látin hafa verið í té af þjónustuþega „hafi hann fengið vitneskju um gögn sem innihalda barnaklám“ eins og 3. tl. kveður á um, setur hann sjálfkrafa í þá stöðu að meta slík gögn. Þetta verður að teljast óheppilegt og væri eðlilegra að slíkt mat sé sett í hendur lögregluþyrvalda, en jafnframt lögð sú skylda á þjónustuveitanda að tilkynna slíkt ef grunur leikur á að efnið brjóti gegn lögum og velsæmi.


Því er lagt til að tl. 3 hljóði svo:

(Þjónustuveitandi sem hýsir gögn sem látin eru í té af þjónustuþega ber ekki ábyrgð á þeim að því tilskyldu að hann fjarlægji þau eða hindri aðgang að þeim án tafar eftir að hann hefur fengið☺

**3. vitneskju um gögn sem grunur leikur á að brjóti gegn lögum og velsæmi, enda tilkynni hann slíkt án tafar til lögreglu.**

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar ICEPRO



Stefán Jón Friðriksson,  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1148  
komudagur 12.3.2002



Alþingi  
efnahags- og viðskiptanefnd  
150 REYKJAVÍK

## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 8. mars 2002  
Tilvísun: 2002020101 HHH/--

Vísað er til erindis yðar til Persónuverndar, dags. 19. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 489. mál, EES reglur.


Farið hefur verið yfir frumvarpið með hliðsjón af 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, nr. 33/1944, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 með áorðnum breytingum og forskrift Evrópusambandsins nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu þjónustuveitanda til að veita "greiðan og samfelldan aðgang" að ýmiss konar upplýsingum um sig, þ.á m. nafni, heimilsfangi, kennitölu, virðisaukaskattsnúmeri og eftir atvikum m.a. starfsheiti. Þá segir í 1. mgr. 7. gr. m.a. að þjónustuveitandi skuli " tryggja að upplýsingar í tengslum við markaðssetningu, sem er hluti af eða myndar rafræna þjónustu, séu settar fram með þeim hætti að auðvelt sé að bera kennsl á þann einstakling eða lögpersónu sem stendur að baki markaðssetningunni". Í ljósi þess að hér er leitast við að innleiða 5. gr. og b)-d) liði 6. gr. tilskipunarinnar og með hliðsjón af 2. mgr. 1. gr. frv. gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við þetta ákvæði frumvarpsins.

Hvað varðar 23. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verði breytt, vísast til hjálagðrar umsagnar Persónuverndar til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um viðkomandi ákvæði, dags. 1. október

2001, sbr. bréf stofunarinnar til ráðuneytisins dags. 25. maí 2001.

Virðingarfyllt



Hörður H Helgason  
yfirlögfræðingur

Hjál:

- Bréf Persónuverndar til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 1. október 2001. Afrit.
- Bréf Persónuverndar til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 25. maí 2001. Afrit.

# AFRIT



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is


Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið  
Jónína Lárusdóttir  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. október 2001  
Tilvísun: 2001040463 SJ/--

Með bréfi, dags. 19. ágúst sl., óskaði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið umsagnar Persónuverndar um drög að frumvarpi til laga um rafræn viðskipti og aðra upplýsingasamfélagsþjónustu.

Í 1. gr. frumvarpsdraganna er gildissvið afmarkað. Þar kemur fram að það gildi ekki um verndum persónuupplýsinga sem unnið er með í tengslum við upplýsingasamfélagsþjónustu. Þegar af þeirri ástæðu gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við einstök efnisatriði frumvarpsins að öðru leyti en því er varðar 21. frumvarpsdraganna, sem gera ráð fyrir breytingu á 28. gr. laga nr. 77/2000. Varðandi umrætt ákvæði vill Persónuvernd áréttta þá ábendingu sem hún kom á framfæri við ráðuneytið í bréfi dags. 25. maí sl. um þörf breytingar á ákvæði 14. gr. laga um húsgöngu og fjarsölusamninga nr. 46/2000. Afrit umrædds bréfs fylgir hjálagt.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Jóhannesdóttir

# AFRIT



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið  
Þorgeir Örlygsson  
ráðuneytisstjóri  
150 REYKJAVÍK

## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is)  
veffang: [personuvernd.is](http://personuvernd.is)

Reykjavík, 25. maí 2001  
Tilvísun: 2001050528 SJ/-

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 77/2000, með áorðnum breytingum, gildir sú almenna regla að einstaklingi er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna, nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Þessi andmælaréttur birtist m.a. í fyrirmælum laganna um að Hagstofa Íslands skuli taka við andmælum frá þeim sem ekki vilja að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Er þeim sem t.d. vinna í beinni markaðssókn þá óheimilt að vinna með persónuupplýsingar um þá einstaklinga sem hafa andmælt með þeim hætti. Hagstofa Íslands setur nánari reglur um gerð og notkun slíkra skráa í samráði við Persónuvernd.

Nánar tiltekið gera hin almennu lög ábyrgðaraðilum sem starfa í beinni markaðssókn og þeim sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, síma númerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skylt, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, að bera hana saman við skrá Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur berist einstaklingum sem hafa andmælt slíku. Er þar enginn greinarmunur á því gerður hvort útsendu efni sé dreift með tölvupósti, almennum pósti eða símbréfum.


Samkvæmt 14. gr. laga um húsgöngu og fjarsölusamninga nr. 46/2000 gildir hins vegar sérregla um bann við notkun á tilteknum fjarskiptaaðferðum, þ.a. án sérstaks samþykkis. Þar segir að óheimilt sé að nota *símbréf eða sjálfvirk uppbringingatæki* við sölustarfsemi sem lögin taka til nema neytandi hafi sérstaklega veitt *samþykki sitt* fyrir notkun slíkra fjarskiptaaðferða. Ber seljendum vöru og þjónustu sem lög þessi taka til, áður en bein markaðssókn er skipulögð, að kanna skrá Hagstofu Íslands yfir þá sem vilja ekki að nöfn þeirra séu notuð við markaðssetningu og hafi neytandi óskað eftir því að vera færður í skrána er bein markaðssókn til hans óheimil. Þá er þar og að finna þá sérreglu að hafi neytandi ekki tilkynnt sig til skrár Hagstofu Íslands eða áskrifandi fjarskiptaþjónustu óskað eftir sérmerkingu í símaskrá í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga og seljandi sendir honum í beinni markaðssókn *tölvupóst* skuli gefa neytanda kost á að veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi notkun á þeirri fjarskiptaaðferð. Samþykki neytandi ekki sérstaklega áframhaldandi sendingar með tölvupósti eru þær framvegis óheimilar.

Af framanrituðu leiðir að mikill aðstöðumunur er milli aðila sem starfa við markaðssókn, eftir



Því hvort þeir kjósa að nota símbréf, tölvupóst eða hefðbundinn póst við að koma kynningarefni á framfæri við neytendur. Ljóst er að slíkt er til þess fallið að valda ruglingi. Persónuvernd berst fjöldi fyrirspurna um lögmætar aðferðir við dreifingu markpósts. Þegar spurt er hvaða rök búi að baki þessum mun verður oft fát um svör. Að mati Persónuverndar er höfuðatriði að andmælaréttur einstaklingsins sé virtur. Til þess er nauðsynlegt að aðilar í markaðssókn búi við skýrar og framkvæmanlegar reglur þar að lútandi. Er því lagt til að hugað verði að endurskoðun umrædds ákvæðis laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga til að ná því markmiði. Áliti ráðuneytið að skýr og fullgild rök búi þessum greinarmun að baki er þess óskað að þau verði kynnt stofnuninni.

Virðingarfyllt



Sigrún Jóhannesdóttir



SAMKEPPNISSTOFNUN

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1149  
komudagur 12.3.2002

Málsnúmer/bréfalykill

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 11. mars 2002.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 2002, sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Samkeppnisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 489. mál. Umsögn stofnunarinnar er eftirfarandi:

1. Í síðustu mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að sé verð rafrænnar þjónustu gefið upp skuli sérstaklega tekið fram hvort afhendingarkostnaður og skattar séu innifaldir í verði. Samkeppnisstofnun vekur athygli á að í 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21, sem samkeppnisráð gaf út á árinu 1995, segir að uppgefið verð skuli vera endanlegt verð til kaupanda. Samkeppnisstofnun hefur fylgt þessu eftir og samkeppnisráð hefur t.d. bannað auglýsingar þar sem skattar eru ekki innifaldir í verði. Jafnframt hefur Samkeppnisstofnun gert athugasemdir við framsetningu verðs hjá netverslunum þar sem tilgreint verð hefur ekki innifalið ýmis aukagjöld. Stofnunin hefur þó talið nægilegt að afhendingarkostnaður sé tilgreindur sérstaklega. Þá er rétt að benda á að umboðsmenn neytenda á öðrum Norðurlöndum hafa sett fram sameiginlegar reglur um viðskipti og markaðsfærslu á Internetinu. Þar er í 3. gr. tekið fram að nauðsynlegt sé að tilgreint verð á vöru eða þjónustu innifeli öll gjöld. Til að koma í veg fyrir að mismunandi reglur gildi um verðupplýsingar eftir því hvar þær birtast leggur Samkeppnisstofnun til að um verð rafrænnar þjónustu gildi sömu reglur og um aðra þjónustu, þ.e. að verð skuli ávallt innifela skatta.
2. Í athugasemdum um meginefni tilskipunar um rafræn viðskipti, II. kafla 6. lið, um viðskiptaorðsendingar, kemur fram að þjónustuveitendur, sem senda óumbeðnar orðsendingar, séu skyldugir til að kanna reglulega úrsagnarskrá þar sem þeir sem ekki hafa áhuga á að fá slíkan póst geti skráð sig. Þetta er í samræmi við það sem fram kemur í lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000. Í 14. gr. þeirra laga er kveðið á um að hafi neytandi ekki tilkynnt sig til skrár Hagstofu Íslands, um þá sem ekki vilja að nöfn þeirra séu notuð við markaðssetningu, sé heimilt að senda honum einn óumbeðinn tölvupóst. Samkeppnisstofnun vekur athygli á að Hagstofa Íslands heldur ekki skrá yfir tölvunetföng og tekur ekki við tilkynningum neytenda sem ekki vilja fá sendan óumbeðinn tölvupóst. Af hálfu Hagstofunnar virðast heldur ekki uppi nein áform um að koma slíkri skráningu á

Rauðarárstígur 10  
Pósthólf 5120  
125 Reykjavík  
Sími: 552 7422  
Bréfasími: 562 7442  
www.samkeppni.is  
samkeppni@samkeppni.is  
Kt. 680269-5569



Miðað við framangreint telur Samkeppnisstofnun að ákvæði 5. tölul. 4. gr. frumvarpsins geti verið óframkvæmanlegt.

3. Samkeppnisstofnun vill jafnframt taka fram að verði stofnuninni falið eftirlit með lögum þeim sem frumvarp þetta fjallar um mun kostnaður við eftirlitið nema a.m.k. sem samsvarar hálfu starfsgildi, sbr. umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem fram kemur sem fylgiskjal II við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samkeppnisstofnunar

Anna Birna Halldórsdóttir

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 127/1151*  
*komudagur 12.3.2002*

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndarsviði Alþingis

150 – REYKJAVÍK

Rvk. 11.3.2002

**Efni: Frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 489. mál og frumvarp til laga um rafeyrisfyrirtæki, 454. mál.**

SA styður efni þessara frumvarpa og telja þau vera til framdráttar íslensku atvinnulífi. Samtökin gera engar athugasemdir við frumvörpin.

Virðingarfyllst,

---

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 127/1229  
komudagur 14.3.2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja  
*Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland*

Reykjavík, 13. mars 2002

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um rafræn viðskipti og þjónustu (489. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 19. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV fagna almennt séð öllum aðgerðum sem beinast að því að styrkja framþróun viðskipta. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er því ætlað að lögfesta efni tilskipunar EB um sama efni. Þannig verði t.d. tryggt að rafrænn samningur sé jafngildur skriflegum.

Í orðskýringum á hvað felist í hugtakinu “rafræn þjónusta” segir bls. 12 í frumvarpinu m.a.: *“Lokuð gagnanet, svo sem heimabankar og hraðbankar, geta talist til rafrænnar þjónustu t.d. þegar um er að ræða rafræna millifærslu fjármuna á milli tveggja bankareikninga. Hins vegar telst úttekt úr hraðbanka ekki til rafrænnar þjónustu.”* Síðar, á bls. 13, segir að Fjármálaeftirlitið muni hafa eftirlit með þeirri starfsemi fjármálafyrirtækja sem telst til rafrænnar þjónustu.

SBV telja grundvallaratriði að reglur séu eins skýrar og kostur er. Framangreint orðalag athugasemda frumvarpsins virðist benda til að hvað fjármálaþjónustu varðar sé ekki alveg klárt hvað falli undir og hvað ekki.

Á hinn bóginn má lagasetning ekki vera þannig úr garði að hún hindri eðlilega framþróun nýrrar tækni á sviði viðskipta, ekki síst þegar ljóst er að það var ekki tilgangur framangreindrar tilskipunar. Í ljósi þess vilja SBV vekja athygli á nokkrum atriðum varðandi efni einstakra greina:

Í III. kafla er fjallað um þær almennu upplýsingar sem öllum þjónustuveitendum ber að veita “greiðan og samfelldan aðgang að” eins og það er orðað í 6. gr. Í athugasemdum

við ákvæðið kemur fram að með “greiðum aðgangi” sé átt við að upplýsingarnar sé að finna á heimasíðu veitandans eða undirliggjandi síðum, enda sé ljóst á heimasíðunni hvar nálgast má þær rafrænt. Ekki er óeðlilegt að gera þær kröfur sem mælt er fyrir um í 1.-4. tölul. 1. mgr. 6. gr., þ.e. að fram komi nafn, heimilisfang, kennitala og póstfang veitandans. Sama má segja um áskilnað 7. tölul. að eftirlitsaðili sé tilgreindur, ef um eftirlitsskylda starfsemi er að ræða. Hins vegar er gengið æði langt með því að skylda þjónustuveitanda til að veita upplýsingar um VSK-númer, eins og 5. tölul. krefur. Þarna virðast frumvarpshöfundar ætla að ganga lengra en þörf krefur skv. tilskipunartexta. Hafa ber í huga að svo ýtarlegar upplýsingar geta beinlínis stuðlað að því að óprúttir aðilar notfæri sér þær í þágu eigin hagsmuna. Þá verður ekki séður tilgangurinn með því að skylda aðila til að veita upplýsingar um hlutafélagaskrá, samvinnufélagsskrá eða firmaskrá. Tilskipunin gerir kröfu um að ef um sérstaka verslunarskrá er að ræða, þá sé hún tilgreind. Slíkar verslunarskrár eru mjög ríkjandi í sérstaklega S-Evrópu, og má þannig sjá hvort um raunverulegt verslunarfyrirtæki er að ræða. Hérlandis var skráning í sérstakar verslanaskrár, skv. lögum nr. 42/1903, aflögð með lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, en slík skráning hafði þá ekki haft raunverulega þýðingu um langa hrið. Ekki verður séð að grundvöllur sé til að heimfæra skilyrði tilskipunartextans upp á hlutafélagaskrá eða firmaskrá, enda vart sérstök neytendavernd í því fólgin. **Því er lagt til að 5. og 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. falli brott.**

IV. kafli ber yfirskriftina **Rafrænir samningar**. Þar eru settar sérstakar skyldur á þjónustuveitanda varðandi hvaða upplýsingar skuli liggja fyrir áður en þjónustuþegi leggur inn pöntun. Í 1.-3. tölul. 1. mgr. 9. gr. eru skilyrði um að áður en gerður er samningur um pöntun skuli þjónustuveitandi veita upplýsingar um hvaða tæknilegu skref beri að taka til að ljúka samningsgerð, hvort hann varðveiti gerðan samning og hvort samningurinn sé aðgengilegur. Síðan segir í 2. mgr. 9. gr. að ákvæðinu sé ekki ætlað að ná til samninga sem einvörðungu eru gerðir með því að skiptast á tölvupóstsendingum.


Ekki virðist ljóst hvort ákvæði 9. gr. muni ná til millifærslu gegnum netbanka. Auðvelt er að færa fram góð og gild rök fyrir því að slíkar færslur geti ekki talist samningur um pöntun, enda virðist ákvæðið frekar sniðið að hefðbundnum kaupum í gegnum netið. Allur vafi er þó slæmur í þessu efni og eðlilegast að taka af öll tvímæli í lagasetningunni.

Notkun netbanka hefur aukist verulega á síðustu árum og nemur fjöldi slíkra millifærslna nú um 2 milljónum á mánuði hjá bankakerfinu í heild sinni og er enn að vaxa. Ástæður þess að viðskiptamenn færa viðskipti sín í auknum mæli yfir á þetta form eru fyrst og fremst þægindi þjónustunnar, þar sem ekki þarf að gera sér ferð í útibú, auk þess sem netbankaviðskipti eru einföld í sniðum og ganga hratt fyrir sig. Ljóst er að öll íþyngjandi skilyrði sem mundu hægja á þessu ferli, þ.e. lengja þann tíma sem tekur að ljúka hefðbundinni færslu í netbanka, eru síst til þess fallin að ýta undir frekari framþróun á þessu sviði.

Ekki eru settar strangar kröfur til banka um upplýsingaskyldu gagnvart viðskiptamanni sem kemur í útibú, t.d. um hve lengi undirritaðir úttektarseðlar eru geymdir. Í ljósi þess og hagsmuna þjóðfélagsins af framþróun rafrænna viðskipta á sviði fjármálaþjónustu telja SBV brýnt að tekið sé af skarið um að **ákvæði 9. gr. eigi ekki við um hefðbundnar millifærslur í netbönkum**. Öðru máli getur gegnt um t.d. undirritun eiginlegra

samninga milli viðskiptamanns og fjármálafyrirtækis, s.s. fjárvörslusamninga, sem boðið yrði upp á alfarið í gegnum netið, en slíkir möguleikar hafa nú opnast með setningu laga um rafrænar undirskriftir. Rétt er að hafa í huga að þau atriði sem snúa að tæknilegu hliðinni, þ.e. atriði eins og hvernig ber að leiðrétta innsláttarvillur o.s.frv., eru í góðu horfi hvað varðar rafræna þjónustu íslenskra fjármálafyrirtækja.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1152  
komudagur 12.3.2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



11.mars 2002

**Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 489.mál, EES-reglur.**

### 1. Inngangur

SVP- Samtök verslunar og þjónustu telja þetta frumvarp jákvætt skref til að skilgreina og festa í sessi viðmið vegna breyttra viðskiptahátta eins og þau sem gilda innan ESB. Frumvarpið byggir á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8.júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðinum. Farin er sama leið og á hinum Norðurlöndunum að setja í einn lagabálk innleiðingu tilskipunarinnar og meginmarkmiðið er að meginregla ESB um frjálst flæði þjónustu sé hægt að veita á öllu hinu evrópska efnahagssvæði ef hún fullnægir ákvæðum þessara laga.

### 2. Frumvarpið

Frumvarpið er að því er best verður séð ásættanlegt og SVP gera ekki athugasemdir við það sem heild eða einstaka hluta þess. Eins og fram kemur í bráðabirgðaákvæði varðandi endurskoðun eftir fimm ár á eftirlitsákvæðum 19.greinar, þá er ljóst að hér er um að ræða ákveðin nýmæli sem menn gefa sér að reynslan verði látin skera úr um hvernig til takast. Þetta er skynsamleg nálgun að mati samtakanna sem styðja að frumvarpið verði að lögum.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/1252*  
*komudagur 14.3.2002*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**



Reykjavík, 13. mars 2002.

**Efni: Frumvarp tii laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu (489. mál).**

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð telur frumvarpið almennt horfa til framfara en vill koma á framfæri athugasemdum við eftirfarandi ákvæði þess:

**14. gr., 3. tl. 1. mgr.**

Í ákvæðinu er lögð sú skylda á þjónustuveitanda, að viðlagðri ábyrgð, að hann fjarlægji eða hindri án tafar aðgang að gögnum sem hann hefur vitneskju um að innihaldi barnaklám. Ekki er eðlilegt að leggja þá skyldu á þjónustuveitanda að hann meti sjálfstætt hvaða gögn innihaldi barnaklám. Ekki er heldur rökrétt að tiltaka barnaklám sérstaklega umfram annað það efni, sem gróflega brýtur gegn lögum og almennu velsæmi. Eðlilegast væri að orða ákvæðið á þá leið, að þjónustuveitanda beri að tilkynna lögreglu þegar í stað um grun sinn um að gögn sem hann hýsir brjóti í bága við lög og almennt velsæmi.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,

Birgir Ármannsson.



Alþingi  
Erindi nr. P 127/1042  
komudagur 7.3.2002

6. mars 2002


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


*Efni:* Frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu

Með bréfi, dags. 19. febrúar 2002, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, 489. mál, EES-reglur.

Seðlabanki Íslands átti þess kost að fara yfir frumvarpið á fyrri stigum, styður markmið þess og mælir með samþykkt þess.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Birgir Ísl. Gunnarsson,  
formaður bankastjórnar

  
Eiríkur Gunnarsson,  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605